

Ár 2010, fimmtudaginn 2. desember kl. 17 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar samþykkti bæjarráð eftirfarandi bókun.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar mótmælir harðlega áformum heilbrigðisráðuneytisins vegna fjárlagagerðar sem kynnt hafa verið fyrir forsvarsmönnum Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði. Komið hefur fram að fyrirhugaður niðurskurður til Heilsustofnunar á fjárlögum fyrir árið 2011 verði 18,5% sem er mun meira en áður hafði verið reiknað með. Svo harkalegur niðurskurður mun valda því að útilokað verði að halda úti óbreyttri þjónustu, umfang starfseminnar muni minnka og um 20 starfsmenn munu missa störf sín. Slíkt er með öllu óásættanlegt.

Þjónusta Heilsustofnunar er ómetanleg fyrir heilbrigðiskerfi landsins auk þess sem gögn sýna fram á að fyrir veitta þjónustu er greitt mun minna en annars staðar er gert. Því ætti ráðuneytið frekar að auka kaup sín á þjónustu fremur en að dregið sé saman.

Bæjarráð hvetur heilbrigðisráðherra til að endurskoða þessi áform.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 17. nóvember 2010.**

Í bréfinu er rætt um skil á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga en skila á inn fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 fyrir 31. desember 2010.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 16. nóvember 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna framkominnar kæru frá Sigurði Gizurarsyni hrl. vegna álagningar gatnagerðargjalda á Klettahlíð 12.

Bæjarstjóra ásamt lögmanni bæjarins falið að svara erindinu.

1.3. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 22. nóvember 2010.**

Í bréfinu er rætt um umboð til stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra.

Bæjarráð samþykkir að veita fulltrúum aðildarsveitarfélaga samningsins í stjórn SASS umboð til að mynda stjórn þjónustusvæðisins sem annast almenna stjórnun samningsins og ber ábyrgð á framkvæmd hans gagnvart aðildarsveitarfélögunum.

1.4. **SAMAN-hópnunum ódagsett.**

Í bréfinu er kynnt ályktun SAMAN-hópsins vegna skemmtana fyrir unglinga undir lögaldri á vínveitingarstöðum.

Lagt fram til kynningar.

## 2. Tæknileg málefni:

### 2.1. Minnisblað frá bæjarstjóra frá 29. nóvember 2010 vegna uppbyggingar garðyrkjustöðvar í kjölfar bruna.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra þar sem rætt er um uppbyggingu garðyrkjustöðvar í kjölfar bruna.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Bæjarráð vill benda á að í greinargerð með Aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017, kafla 4.13 „Landbúnaðarsvæði” kemur fram sú stefna bæjarstjórnar að garðyrkjubændum skulu tryggðir möguleikar á að stækka stöðvar sínar til að ná fram meiri rekstrarhagkvæmni. Bæjarstjórn vill með þessu ákvæði stuðla að því að þar sem stækkunarmöguleikar eru ekki fyrir hendi geti rekstraraðilar í garðyrkju í bæjarfélaginu, byggt upp starfsemi sína á hentugri og stærrí lóðum.

Brattahlíð 1-3 er ein af þessum litlu, gömlu garðyrkjulóðum þar sem stækkunarmöguleikar eru ekki til staðar og því er skipulag hamlandi á vöxt viðkomandi fyrirtækis. Auk smæðar lóðarinnar er jarðhitauppstreymi í vesturhluta hennar, sem takmarkar enn frekar notkun hennar til garðyrkju.

Í ljósi ofangreindra staðreynda telur bæjarráð að lóðin henti betur sem íbúðalóð fremur en garðyrkjulóð þar sem hún er staðsett í miðju íbúðahverfi og háð þeim annmörkum sem að ofan greinir. Umrætt aðalskipulag gerir einnig ráð fyrir slíkri uppbyggingu á lóðinni. Bæjarstjóri hefur þegar rætt við lóðarhafa um þessa annmarka og komið hefur fram vilji hjá lóðarhöfum til að byggja upp á öðrum stað innan bæjarmarka. Slíkar hugmyndir styður bæjarráð heilshugar og felur bæjarstjóra að vinna áfram að málinu.

## 3. Fjárhagsleg málefni:

### 3.1. Tekjuforsendur 2011.

#### Útsvar:

Bæjarráð samþykkir að útsvarshlutfall árið 2011 verði óbreytt, þ.e. 13,28%, en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið 14,48% á árinu 2011. Innheimtur tekjuskattur ríkis mun lækka sem þessu nemur þannig að álögur á íbúa haldast óbreyttar.

#### Afsláttur í frístundaskóla.

Bæjarráð vekur athygli á að prentvilla er í texta tekjuforsendna frá síðasta fundi en enginn afsláttur er veittur í frístundaskóla annar en systkinaafsláttur.

- 3.2. **Þjónustusamningur við Lionsklúbb Hveragerðis.**  
Lagður fram þjónustusamningur við Lionsklúbb Hveragerðis vegna reksturs upplýsingatorgs.  
Samningurinn samþykktur.
- 3.3. **Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags.**  
Lögð fram umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags í allt að 6 mánuði vegna flutnings milli sveitarfélaga.  
Bæjarráð samþykkir umsóknina enda fellur hún að reglum þar um.

**4. Verkfundargerðir:**

- 4.1. **Gatnagerð 2010 frá 18. nóvember 2010.**  
Fundargerðin samþykkt.

**5. Fundargerðir til kynningar:**

- 5.1. **Stjórnar SASS frá 12. nóvember 2010.**
- 5.2. **Stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 18. nóvember 2010.**
- 5.3. **Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 8. nóvember 2010.**
- 5.4. **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 18. nóvember 2010.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:00

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)